



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Vesturborg

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat Norðurbæjar, Miðbæjar og Suðurbæjar.....	8
3 Ytra mat.....	12
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
6 Foreldrasamvinna.....	14
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	15
8 Fylgigögn.....	15
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	15
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	15
8.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs .....	15
8.4 Fylgiskjal 4 – Jafnréttisáætlun Vesturborgar .....	15



# Leiðarljós leikskólans: Vinátta og virðing

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta starfsár hefur verið mjög viðburðaríkt í sögu Vesturborgar. Aðstoðarleikskólastjóri til 22 ára hætti vegna aldurs. Undirrituð, tók við af henni í september og tók svo við leikskólastjórastöðunni í nóvember þegar leikskólastjóri fór í veikindaleyfi. Heppnin var með okkur þegar við fengum inn tvo mjög reynda stjórnendur sem höfðu nýverið hætt í sínum leikskólum því þeir voru komnir á 95 ára regluna. Önnur tók við aðstoðarleikskólastjórastöðunni og hin leysti af sérkennslustjórastöðuna vegna fæðingarorlofs.

Árið hefur því einkennst af miklum breytingum. Þar sem að fyrra stjórnendateymi var ekki lengur til staðar fór vinna vetrarins mikið í að stilla saman strengi. Gerðar voru ýmsar breytingar á starfinu um haustið sem var verið að fínþússa allt árið s.s. flæði í matartímunum. Í lok árs kom í ljós að þónokkur rekstar afgangur var. Fara þurfti yfir efniviðinn og húsgögn og síðan að forgangsraða því sem við vildum gera. Það fór mikill tími og orka í þessa vinnu. Það hafði ekki verið mikill afgangur í nokkur ár og var því margt sem kom til greina að endurnýja. Við endurnýjuðum borð, stóla, skápa, mottur, myndvarpa og margt fleira. Það var óskað eftir aðstoð foreldra við að búa til drullumalls eldhús og gekk það eftir. Það var líka breyting í starfsmannahópnum þar sem tveir starfsmenn fóru í nám og gekk brösuglega að ráða þar til í janúar er tókst að fullmanna. Nokkur langtímaveikindi í vetur settu líka strik í reikninginn. Við unnum foreldrahandbók, starfsmannahandbók, upplýsingaöryggisstefnu, áfallaáætlun og jafnréttisáætlun á starfsárinu. Hápunktar skólaársins voru án efa samstarf okkar við Myndlistaskólann, 40 ára afmæli leikskólans, Barnamenningarhátíð þar sem elstu börnin tóku þátt í opunaratriðinu og útgáfa myndbandsins um Vesturborg.

Þegar unnið var að sýningunni fyrir 40 ára afmælið uppgötvaðum við hverjir styrkleikar Vesturborgar voru. Áhugi er fyrir því að endurvekja og styrkja þá og byggja starfið upp á gömlum grunni. Vesturborgin var þekkt fyrir að vinna mikið með tónlist og var þróunarverkefni í gangi í nokkur ár sem Sigríður Pálmadóttir, tónlistarkennari hjá Menntavísindasviði í Háskóla Íslands stjórnaði. Við erum svo heppin að eiga mikið af hljóðfærum svo við viljum nýta okkur þann auð og stefnum á námskeið um tónlist á vormánuðunum. Við viljum einnig vinna með einkunnarorðin okkar *vinátta og virðing* og ákváðum því að leggja áherslu á félagsfærni á næsta starfsári. Okkar styrkleikar eru frjáls leikur, samstarf við





nærumhverfið t.d. Grund, KR og sundlaug Vesturbæjar, sköpun og sjálfsefning. Ég hlakka til að taka þátt í að móta starf þessa merka leikskóla áfram næsta starfsár. Áfram Vesturborg!

Að lokum fylgir með ljóð sem Kristín Sigfúsdóttir skáldkona samdi til Vesturborgar árið 1938 en það er ári eftir opnun gömlu Vesturborgar sem brann. Við fundum þessa gersemi þegar við unnum að sýningu í tengslum við 40 ára afmæli Vesturborgar.

Kristín Petrína Pétursdóttir, leikskólastjóri



# Kvæði til Vesturborgar

eftir Kristínu Sigfúsdóttur skáld

## **Þjóðsöngur Vesturborgar**

Í Vesturborg er barnaskjól  
og barnamatur góður,  
á meðan blessuð sumarsól  
þar signir vorsins gróður.  
Þar létt menn taka lífsins mein,  
sem leiki barns að stráum.  
Þar brosir gleðin björt og hrein.  
Í barna augum smáum.



## **Blómasöngur**

Blómin fögru breiða út  
blöðin sín í dag.  
Ætli þau vilji ekki  
að við syngjum lag.  
Himinblær,  
hreinn og tær,  
hlýtt um garðinn ber,  
það er gott að vera blóm  
og vaxa hér.

## **Sólskinsöngur**

Er sólin skín á sæ og torg,  
er sungið hér í Vesturborg.  
Við syngjum hátt í heiðið blátt  
og hér er glatt og kátt.  
Vér lifum hér sem lítil blóm  
Við ljós af hlýjum gleði óm.  
Hér amar okkur engin sorg  
við elskum Vesturborg.



Nýtt	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Mannauður: Að láta drauma rætast - hópefli	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Að starfsfólk hafi tækifæri til að láta drauma sína rætast. Tenging við nýju Mennta- stefnuna og víkkum hana út til starfsfólksins líka.	Við höfum rætt þetta og stefnum á að reyna að uppfylla ýmsa drauma starfsfólks t.d. að vera danskennari, jógakennari, vera með námskeið í Safer spaces, námskeið í indverskri matargerð, listasýningar o.s.frv. Sumt fer fram eftir vinnutíma og er þá á sama tíma hópefli sem fólki er frjálst að taka þátt í.	Hefst með dans- og jóga- námskeiði í haust. Stefnun á að hreyfi- námskeiðin verði jafnvel allan veturinn 1-2 í viku en önnur námskeið, sýningar o.fl. verði einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði, allt eftir því hve margir vilja láta drauma sína rætast.	Leikskólastjóri Allir framkvæma	Það eru einhverjir draumar komnir fram en reynt verður að fá fram drauma þeirra sem vilja á fyrsta starfsdegi í haust og sett niður plan vetrarins. Söfnum gögnum. Metið á starfsdegi í apríl.	Viðmiðið er að fólk sé ánægt og þetta geri starfsandann enn betri og að við höfum náð að láta drauma starfsfólks rætast.



<p><b>Innleiðing:</b>  <b>Menntastefnan</b>  <b>Félagsfærni</b></p>	<p>Innleiða þáttinn félagsfærni inn í starfið og námskrá.</p>	<p>Við gerum athugun (hver starfsmaður) á því hvernig staðan er hjá börnunum á deildinni með því að greina hverjir eru jákvæðir leiðtogar, neikvæðir leiðtogar, týnd, hafnað og venjuleg. Auk þess skoðum við virkni hvers barns í leik og sjáum hvort þau séu leiðandi eða fylgjandi í þeim hóp sem þau eru oftast í. Unnið verður úr niðurstöðum á starfsdegi ásamt Vöndu Sigurgeirsd. og gert plan.</p>	<p>Greining á barna- hópnum gerð eftir aðlögun að hausti. Fyrirlestur og unnið úr niðurstöðum hvernar deildar á öðrum starfsdegi að vori og er unnið að þessu allt árið. Aðgerðum komið markvisst inn í dagskipulag og svo unnið aukalega með þau börn sem eru í týnda hópnum, hafnað og neikvæðu leiðtogunum í samstarfi við foreldra.</p>	<p>Leikskólastjóri  Allir framkvæma</p>	<p>Við söfnum gögnum um stöðu hvers barns. Farið er yfir stöðu þeirra barna sem unnið er aukalega með á deildarfundum tvisvar á önn. Framgangur verkefnis ræddur á stjórnendafundi tvisvar á önn og þá hvort við þurfum að breyta/bæta eitthvað. Verkefnið svo metið af starfsfólki á síðasta starfsdegi að vori. Stjórnendur vinna að kafla um félagsfærni í námskrá.</p>	<p>Viðmiðið er að við höfum náð að fækka þeim börnum sem flokkast í týnd og hafnað og gera neikvæðu leiðtogana að jákvæðum leiðtogum. Að það sé kominn kafli um félagsfærni í námskrá.</p>
---	---	--	---	---	--	--



## 2 Innra mat Norðurbæjar, Miðbæjar og Suðurbæjar

**Einstaklingsnámsskrá:** Samkvæmt síðustu starfsáætlun var ætlunin að samræma einstaklingsnámsskrá á deildum. Það var gert, en eftirfylgni var ábótavant vegna starfsmannabreytinga yfir árið.

- *Styrkleikar:* Samstarf við foreldra gekk vel og náðist að gera einstaklingsnámsskrá fyrir hvert barn.
- *Tækifæri til umbóta:* Aðferðir þarf að kynna betur fyrir starfsfólki á starfsdögum og deildarfundum. Gera einstaklingsáætlun aðgengilegri fyrir starfsmannahópinn og kynna hana betur fyrir foreldrum þegar hún er tilbúin. Kveikja að betra foreldrasamstarfi.

**Hóþamöppur/hóþstjórar:** Af sömu ástæðu gengu Hóþstjóraplön ekki eftir. En í því fólst mikil undirbúningsvinna fyrir deildarstjóra. Allar hóþstjóramöppur voru tilbúnar fyrir árið en illa gekk að fá starfsfólk að tileinka sér þær. Hefði verið gott að fá meiri undirbúning t.d. á starfsdegi til þess að setja fólk betur inn í verkefnið. Það er ekki á plani að halda þessu til streitu á komandi starfsári.

**Könnunaraðferð og könnunarleikurinn:** Sama á við um innsetningu á könnunaraðferðinni. Hefði þurft að kynna betur og ekki áætlað að notast við hana á komandi vetri. Könnunarleikurinn verður notaður áfram á Norðubæ en ekki náðist að gera hann þematengdan eins og áætlað var í upphafi vetrar.

- *Tækifæri til umbóta:* Leggja áherslu á þemavinnu án könnunaraðferðar.

**Listsköpun og lýðræði:** Lýðræði var verulega eft í skapandi starfi og má segja að það hafi tekist vonum framar. t.d. var jólagjöf til foreldranna þetta árið algjörlega framkvæmd með þeim efnivið sem hvert barn kaus fyrir sig á Miðbæ og Suðurbæ, Norðurbæjarbörnin unnu öll eins jólagjöf en unnu hana hver með sínu nefi.

- *Styrkleikar:* Hugmyndavinnan og framkvæmd var algjörlega á forsendum barnsins. Ótrúlega skemmtileg verkefni sem börnin voru stolt af og foreldrar voru mjög ánægðir með þetta framtak. Eins er það með afmæliskórónur barnanna sem eru nú alfarið í þeirra höndum.
- *Tækifæri til umbóta:* Á næsta starfsári ætlum við að efla þennan þátt enn frekar.

**Flæði / matartímar í sal:** Síðasta sumar var matartími hjá Miðbæ og Suðurbæ færður inn í sal sem gekk ágætlega. Vegna mannekle að hausti var ákveðið að færa matartíma inn á deildina aftur og hafa hann þá flæðandi. Það gekk með ákveðnum breytingum á Miðbæ. Breytingin var að hafa starfsmann við matarborðið en þau völdu sér áfram sæti, skömmtuðu sér sjálf og völdu hvenær þau fóru að borða. Á Suðurbæ gekk það ekki eins vel. Það tók tíma að aðlaga flæðið að húsnæði og börnum. Það tókst





ágætlega þegar 17 börn voru á deildinni en þegar þeim fjölgaði í 24 eftir áramót kom í ljós að flæðið hentaði illa fyrir þennan fjölda, þrátt fyrir að ýmsar útfærslur hafi verið reyndar. Það myndaðist mikill hávaði, tók of langan tíma, börnin biðu lengi eftir að fá að borða á meðan rekið var eftir öðrum að klára og frágangur fór nánast undantekningalaust inn í kaffitíma starfsfólks.

- *Umbætur og styrkleikar:* Með því að láta þau borða öll í einu á Suðurbæ róaðist deildin heilmikið og teljum við að svona efli þau frekar sjálfstæði sitt og lýðræði, með því að velja sér sæti, skammta sér sjálf og ekki síður að nú geta allir tekið þátt í umræðum sem fram fara við matarborðið. Norðurbær náði aldrei að taka þátt í flæðinu. Við ætlum að skoða matarflæðið betur í haust og ákveða framhaldið þá.

**Föstudagsflæði:** Við höfum haft föstudagsflæði þar sem börnin geta farið frjálst á milli verkefna og valið það sem þau vilja gera. Upp komu vandamál í vetur og fannst fólk það ekki ganga vel. Það gekk brösuglega að fá börnin til þess að stoppa við eitthvað í flæðinu og voru þau mikið bara að hlaupa um. Starfsfólk var óöruggt með sitt hlutverk.

- *Tækifæri til umbóta:* Á næsta starfsári stefnum við á að breyta flæðinu í skapandi föstudaga og vera með það einu sinni í mánuði til að byrja með.

**Samantekt:** Eftir á að hyggja þá ætluðum við okkur kannski of mikið í upphafi vetrar t.a.m. með könnunaraðferð, hópstjóramöppum og breytingu á matmálstímum í stað þess að einbeita okkur að því að þjálfa upp nýtt starfsfólk. Betra væri að byggja frekar smám saman ofan á þann grunn sem fyrir er á Vesturborg.



Umbótaþættir Allar deildir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Föstudags- flæðið	Að breyta föstudags- flæðinu í skapandi föstudaga og hafa þá einu sinni í mánuði til að byrja með. Markmið að hafa þessa daga fjölbreytta og skemmtilega með áhugaverðum skapandi verkefnum og upplifunum sem börnin geta valið á milli og skipt um svæði þegar þau vilja. Það verða þó samt bara ákveðið mörg laus pláss á hverju svæði en alltaf einhver pláss laus.	Það verður stöðvastjóri sem sér um dreifingu starfsmanna. Hver starfsmaður fær tækifæri á að velja sér svæði og bjóða upp á það sem hann vill – verður samt að vera skapandi. Einn starfsmaður er flakkari og heldur utan um valspjöldin og fer á milli svæða og hjálpur þeim börnum sem vilja skipta á milli svæða.	Skapandi föstudagar verða alltaf um miðjan mánuðinn og hefst í október.	Leikskólastjóri Allir framkvæma	Metið á deildarfundum í apríl/maí og svo niðurstöður ræddar á stjórnenda- fundum í maí.	Viðmiðið er að fólk sé ánægt með þetta fyrirkomulag og þeir hnökra sem upp hafa komið séu lagaðir.



<p><b>Þemavinna</b></p>	<p>Markmiðið er að skipuleggja betur þemavinnuna til þess að vinna betur með þemað. Til dæmis finna sönglög sem passa við þemað, bækur, upplifanir, verkefni o.s.frv.</p>	<p>Hver deild og börnin sem það geta útbúa lista yfir bækur, verkefni, upplifanir, ferðir, sönglög o.fl. fyrir hvert þema og það svo nýtt í þemavinnunni.</p>	<p>Skipulag fyrir hvert þema unnið jafnt og þétt yfir árið. Bætt inn í hugmyndum eftir hvert þema ef fram hafa komið fl. hugmyndir.</p>	<p>Stjórnendur ábyrgir en allir framkvæma.</p>	<p>Farið yfir hvert þema á deildarfundum. Hvernig hafi til tekist og hvort skipulagið sé að virka á starfsdögum 3.janúar og aftur 14.apríl.</p>	<p>Viðmiðið að til sé banki fyrir hvert þema og hann sé nýttur.</p>
<p><b>Matarflæði</b></p>	<p>Ákveða hvernig við viljum hafa matartímana.</p>	<p>Skoða skipulag á öllum deildum og koma með hugmyndir um hvernig við getum haft matartímana. Rætt og ákveðið á starfsdegi.</p>	<p>Hefst í haust Unnið á starfsdegi 23.ágúst.</p>	<p>Leikskólastjóri Allir framkvæma</p>	<p>Metið á starfsdegi af öllu starfsfólki 14.apríl.</p>	<p>Viðmiðið er að flestir séu ánægðir með framkvæmd matartímana.</p>



### 3 Ytra mat

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auglýsa betur þegar ytra mat hjá starfsmönnum er gert og fylgja því eftir að könnunum sé svarað	Að auka þátttöku i könnunum um starf skólans til þess að fá upplýsingar um hvað má bæta. Þátttaka þessa árs var sú að aðeins 4 tóku þátt og niður- stöðurnar því ekki marktækar.	Þegar könnun kemur gefur hver deild starfsfólki sínu tíma til þess að svara könnuninni.	Þegar næsta könnun verður gerð og framvegis.	Leikskólastjóri	Niðurstöður koma í ljós eftir næstu könnun.	Viðmiðið er að allavega 80% starfsfólks taki þátt í könnuninni. Við stefnum samt á 100% þátttöku.
Bæta að leikskólinn leiti eftir tillögum og hugmyndum foreldra	Þessi þáttur kom illa út hjá okkur í foreldrakönnun leikskólabarna og við viljum bæta okkur og fá fram hugmyndir foreldra.	Setja upp hugmynda- kassa á hverri deild.	Búum til hugmynda- kassa í haust og kynnum hann á haustfundi.	Deildarstjórar	Fara yfir hugmyndir úr kassanum á stjórnenda- fundum og safna gögnum.	Að við fáum einhverjar hugmyndir frá foreldrum.



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin fóru fram í tveimur hlutum. Fyrri viðtöl voru tekin í lok apríl og seinni voru tekin í lok maí og júní. Í samtölunum kom fram góð líðan hjá starfsfólki og almenn ánægja með breytingar sem hafa átt sér stað á skólaárinu. Það komu einnig fram ábendingar um nokkra hluti sem mættu betur fara og eru þeir í skoðun t.d. móttaka nýliða og reglur á útisvæði.

Fræðslan sem boðið var uppá á árinu var aðallega í höndum starfsfólks leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri hélt fyrirlestur um skapandi starf, starfsmannahandbók og foreldrahandbók. Deildarstjóri elstu deildar hélt fyrirlestur um félagsfærni og starfsfólk vann verkefni út frá því á starfsdegi og varð það kveikjan að félagsfærni verkefninu sem við ætlum að vinna á næsta skólaári. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri fræddu starfsfólkið um brunaáætlun, áfallaáætlun og ýmis hagnýt mál. Við fengum svo Halldóru Sigtryggisdóttur, deildarstjóra á Drafnarsteini, til okkar til að fjalla um læsi.

Fjórir starfsmenn voru í námi þetta árið. Leikskólastjóri er í M.Ed. í Stjórnun menntastofnana, deildarstjóri elstu deildar er í M.Ed. í leikskólakennarafræðum og annar starfsmaður á elstu deild er í B.Ed. námi í leikskólakennarafræðum. Einnig var einn starfsmaður á elstu deild í jóga kennaranámi.

Leikskólastjóri fór á fyrirlestra í sambandi við innleiðingu ýmissa þátta s.s. upplýsingaöryggisstefnu og persónuverndarstefnunnar, ásamt námskeiði um streitu og deildarstjóri elstu deildar fór á fyrirlestur um félagsfærni og sjálfseflingu.

Við fórum í nokkrar heimsóknir í aðra leikskóla. Allir starfsmenn fóru í heimsókn í leikskólann Sæborg og fengu kynningu á starfinu þar, skoðuðum aðallega skapandi starfi og matarflæði. Listasmiðjur með endurvinnanlegu efni eru í deiglu og er ein deild í Vesturborg komin með slíka listasmiðju. Stjórnendateymið fór í heimsókn í Drafnarstein og fékk kynningu á starfinu þar. Deildarstjóri miðdeildar og leikskólastjóri fóru svo í heimsókn í leikskólann Tjörn til þess að kynna sér föstudagsflæðið þar. Það var einstaklega vel tekið á móti okkur á öllum stöðum.

Fræðslan sem við höfum í huga fyrir næsta skólaár eru fyrirlestur og stöðvavinna um félagsfærni undir stjórn Vöndu Sigurgeirsdóttur, eiganda og þjálfara hjá KVAN. Fyrirlestur um hagnýt ráð í hegðunarstjórnun sem Bjarnveig Magnúsdóttir sérkennsluráðgjafi á þjónustumiðstöð VMH mun vonandi halda, námskeið um einingakubba hjá Kristínu Einarsdóttur leikskólastjóra í Miðborg, skyndihjálparnámskeið, fyrirlestur frá landlækni um færni til framtíðar og fræðsla um Barnasáttmálann. Fyrirhugaður er starfsdagur á Degi leikskólans. Sett verður saman kynning á starfi leikskólans, stefnu og áætlunum í upphafi árs.





## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Vesturborgar við Melaskóla er í sífelldri þróun og hittumst við nú í vor til þess að setja áætlunina niður í fastar skorður út frá nýjum tilmælum um skil á milli skólastiga. Það er ekki komin tímasett áætlun, en fundur er að hausti og heimsóknir að vori.

Elstu börnin fara þrisvar sinnum í heimsókn í Melaskóla, í íþróttatíma, á bókasafnið og heimsókn inn í bekk og svo í frístundamiðstöðina. Í ár var sú nýbreytni að börnin sem voru í Vesturborg síðasta skólaár komu í heimsókn ásamt öðrum börnum úr fyrsta bekk og gekk það mjög vel.

Í sambandi við skil á milli skólastiga eru skilafundir vegna barna sem njóta sérkennslu á vorin og svo almennir skilafundir þar sem leikskólakennari hittir alla kennara fyrsta bekk og forstöðumenn frístundar og fer yfir barnahópin í september. Ákveðið var að börnin myndu fylla út litla „bók“ og mæta með í fyrsta viðtal í Melaskóla. Í bókinni teikna þau mynd af sér, skrifa nafnið sitt og skráð svör þeirra við nokkrum spurningum s.s. hvað barninu finnst skemmtilegast að gera og í hverju það er duglegast. Auk þess skilum við HLÓM-2 niðurstöðum allra barnanna í skólann.

## 6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinnan byggist upp á daglegum samskiptum þegar börnin eru að koma og fara. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti börnunum og að það sé alltaf hægt að ræða við deildarstjóra. Það eru ýmsar upptökur þar sem foreldrar koma í leikskólann t.d. ömmu og mömmukaffi, afa og pabbakaffi, piparkökuskreytingar, sýningar, sumarhátíð og tiltektardagur að vori þar sem foreldrar mæta og taka til hendinni í garðinum og stinga upp grænmetisbeðið með starfsfólki og börnum.



- **Foreldraráð:** 2 fulltrúar. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og skólanámskrá. Kosið að hausti.
- **Foreldrafundir:** Í ár vorum við með haustfundi á deildum til að kynna starf hversrar deildar.
- **Foreldraviðtöl:** Foreldraviðtöl voru tvisvar eitt að hausti og eitt að vori. Fyrri viðtalið var í lok október og seinna í maí. Í foreldrasamtali að hausti taka foreldrar þátt í að setja markmið í einstaklingsnámskrá barnsins.



- **Foreldrafélag:** 6 fulltrúar í foreldrafélaginu og eru foreldrar af öllum deildum. Á aðalfundi foreldrafélagsins er kosið í foreldrafélagið og auglýst á Facebook síðunni og í pósti eftir umsækjendum. 3-4 fundir haldnir á önn.
- **Samskipti við erlenda foreldra:** Misjafnt, stundum er móttökuvíðtal, sumir fá myndrænt dagskipulag þegar þeir byrja, samskiptabók og orðaforðamöppu. Við köllum til túlka í viðtöl og höfum notað símatúlkun. Það fer eftir foreldrunum og börnunum hvaða leiðir við notum hverju sinni. Endurbætur eru fyrirhugaðar á starfsárinu.

## 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar í Vesturborg

23. ágúst

27. september

6.nóvember (sameiginlegur starfsdagur í Vesturbæ)

3.janúar (sameiginlegur starfsdagur í Vesturbæ)

7. febrúar (Dagur leikskólans)

14.apríl (sameiginlegur starfsdagur í Vesturbæ)

## 8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 – Jafnréttisáætlun Vesturborgar

8.4 Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	Já/1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	Já/2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	Já/1	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	Já/2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Verklag en ekki áætlun. Hver deild er með ákveðið sem þau gera en þarf að setja það niður og jafnvel samræma. Unnið að umbótum næsta skólaár.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já/Nei	Það er ákveðið verklag en þarf að setja niður skýrari áætlun. Unnið að umbótum næsta skólaár í samstarfi við Miðju máls og læsis.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	Þarf kannski að fá börnin betur inni.
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: Tröppu (talþjálfun í leikskólanum), þjónustumiðstöð, Magdalenu ráðgjafa um pólskumælandi börn frá Miðju máls og læsis.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



## Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Áætlanir um málörvun og snemmtæka íhlutun. Læsisáætlun endurskoðuð.</b>	Fara yfir verklag og búa til áætlanir um málörvun og snemmtæka íhlutun	Taka saman allt það sem við erum að gera og fá svo fulltrúa frá Miðju máls og læsis til að fara yfir þetta með okkur og búa til markvissar áætlanir sem og fara yfir læsisáætlun.	Fundur í haust með Miðju máls og læsis. Unnið að áætlunum næsta skólaár. Lokið um áramót 2019/2020.	Leikskólastjóri Deildarstjórar	Áætlanir kynntar öllu starfsfólki og metnar á síðasta starfsdegi skólaársins.	Viðmiðið er að áætlanirnar séu tilbúnar og nýtist okkur vel í starfinu þ.e. að við séum að fara eftir þeim.



## Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já/Nei	Eigum ýmis gögn sem við höfum nýtt okkur t.d. móttökubók og orðaforðabækur fyrir erlend börn. Myndrænar samskiptabækur o.fl. en ekki gengið alveg nógu vel að halda utan um þetta.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Nei	Stefnt að því að innleiða orð vikunnar og styðjumst við Orðaforðalistann í þeirri vinnu. Flokka orðin eftir deildum og innleiða 4 orð á viku sem verður lögð áhersla á og þau myndræn inn á deildum. Orðin fá að hanga uppi í hæð barnanna og bætast við orð með hverri viku.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Vinum með Lubbi finnur málbein. Erum einnig með orðskýringar við vísurnar og rímsspjöld sem við bjuggum til sjálf sem og þrívíða hluti í kassa sem nýttir eru í málörvun. Unnið er á öllum deildum með Lubba eftir aldri og getu.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Farið yfir TRAS málþroskaskráningu tvisvar sinnum á ári og HLJÓM-2 notað fyrir elstu börnin. Nýtum einnig EFI-2, Íslenska þroskalistann og Smábarnalistann sem og AEPS þegar þarf.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Hugum að þessum þáttum en alltaf hægt að gera betur. Lubbastundir á hverjum degi, það eru sjálfstyrkingaræfingar og áhersla á tjáningu og frásögn í samverustundum. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum og efniviður merktur með ritmáli og mynd. Það er unnið með tilfinningar út frá verkefni um tilfinningar sem unnið var á síðasta skólaári.





## Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Annað móður. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markviss vinna með grunnorða- forða	Hver deild leggur áherslu á fjögur orð á viku úr mismunandi orðflokkum. Orðin sýnd myndrænt og lögð áhersla á þau þá vikuna og látin hanga uppi í hæð barnanna.	Förum yfir Orðaforða- listann og Orðaforða- möppurnar og flokkum orðin sem við ætlum að innleiða eftir aldri barnanna. Bætist við á hverri deild.	Undirbúnings- -vinna hefst nú í vor en innleiðing byrjar strax eftir aðlögun í haust.	Deildarstjórar	Farið yfir fjöldu orða og hvernig hefur gengið á starfsdegi að vori.	Að það hafi tekist að vinna með 4 orð á viku á öllum deildum í a.m.k. 20 vikur á skólaárinu.
Móttaka tví- og fjöltýngdra	Útbúa áætlun þar sem fram kemur hvernig við ætlum að taka á móti tví- og fjöltýngdum börnum. Ákveða hvað við viljum nota þegar við tökum á móti þeim og búa til efnivið ef uppá vantar.	Búa til áætlun um hvaða gögn foreldrar fá við upphaf leikskóla- göngu, efniviður sem hægt er að nýta í samskipti og einnig efniviður til að nýta í málörvun.	Hefst í vor, lokið 1.sept- ember	Leikskólastjóri	Metið á stjórafundi í nóvember. Rætt við foreldra í foreldra- viðtölum að hausti um samskipti og móttöku leikskóla og þeirra álit fengin fram.	Að áætlunin nýtist vel og að móttaka og samskipti við börn og fjölskyldur sé góð og foreldrar tví- og fjöltýngdra barna ánægð með móttökurnar.



## Fylgiskjal 3

# Jafnréttisáætlun Vesturborgar

Jafnréttisáætlunin er byggð á Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Skólinn starfar jafnframt samkvæmt 19. – 23. gr. laganna um fræðslu um jafnrétti, launajafnrétti, jafnan rétt að fræðslu og störfum, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og um að koma í veg fyrir hvers kyns kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni.

Jafnréttisáætlunin er þrjúþætt og nær yfir nemendur, foreldra, kennara og aðra starfsmenn skólans.

## Nemendur:

- Allir eru snillingar í einhverju. Við leggjum áherslu á að finna styrkleika hvers og eins, vinna út frá þeim og gera börnin meðvituð um styrkleika sína og að við höfum öll ólíka styrkleika.
- Við leggjum áherslu á að öll börn fái sömu tækifæri í leik, mætum þörfum sérhvers barns á þeim stað sem þau eru og komum fram við þau af virðingu.
- Við stuðlum að því viðhorfi að það sé eðlilegt að strákar og stelpur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum þeim leikjum sem leikskólinn býður uppá.
- Við leggjum áherslu á að öll börn fái sama viðmót og samskonar hvatningu og örvun. Við hrósum fyrir dugnað, að vera hugmyndarík, þrautseigju, fyrir að reyna o.s.frv. en ekki fyrir útlit og fatnað nema þá að því leyti að segja t.d. „já er þetta ekki hlý úlpa“ eða „er ekki gott að hlaupa í þessum skóm“.
- Við leggjum okkur fram við að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri sem efla alhliða þroska.

## Starfsmenn

- Við í Vesturborg teljum mikilvægt að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til þess að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannauðs sem býr í hverjum og einum.
- Lögð er áhersla á að komið sé fram við allt fólk að virðingu og á uppbyggilegan hátt.
- Kynferðisleg áreitni og einelti eru ekki liðin í leikskólanum.
- Allir starfsmenn hafa jafnan rétt á endurmenntun.
- Við gætum jafnræðis þegar auglýstar eru lausar stöður við leikskólann og leitað er eftir umsækjendum af báðum kynjum.
- Við reynum eftir fremsta megni að gera starfsfólki okkar kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

## Foreldrar:

- Komið er fram við alla foreldra af virðingu.
- Starfsmenn eru bundnir trúnaði og gildir það einnig eftir að leikskóladvöl barnanna lýkur.
- Hringt er jafnt í báða foreldra ef hafa þarf samband vegna barnanna.



# Framkvæmdaáætlun 2019-2021

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að starfsmenn þekki mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	Kynning á starfsmannafundi	Leikskólastjóri	Haust 2019- alltaf
Jafnréttisáætlun sýnileg og kynnt fyrir starfsfólki	Jafnréttisáætlun sett á heimasíðu og kynnt starfsfólki á starfsdegi	Leikskólastjóri	Haust 2019 - alltaf
Að starfsfólk og börn kunni að meta sig sjálf eins og þau eru. Styrkleikar hvers og eins gerðir sýnilegir og þeir ræddir og eins hvað hverjum og einum þykir skemmtilegast að gera.	Allir taka þátt í verkefninu „Allir eru snillingar“ á hverri deild þar sem teknar eru myndir eða teiknaðar og fyrir neðan á að standa styrkleikar og áhugi hvers og eins að þeirra mati. Látið hanga uppi.	Deildarstjórar	október 2019  Bara börn taka þátt 2020 og 2021
Fjölbreyttir búningar	Bæta við búningaflórana, allskonar búningar, bæði kynjaðir og ókynjaðir. Hugarfarið gagnvart þeim að það sé eðlilegt að öll börn noti alla búninga og þau hvött til þess.	Deildarstjórar	Lokið september 2020
Að verkferlar og upplýsingar um forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi séu skýrir og vel kynntir fyrir starfsfólki.	Endurgera forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og kynna hana á starfsdegi.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Lokið vor 2020 og kynnt á starfsdegi
Fræðsla um jafnrétti og Barnasáttmálann	Fræðsla til starfsfólks á starfsdegi	Leikskólastjóri	Starfsdagur í byrjun árs 2020
Hrósað fyrir getu en ekki útlit.	Allir starfsmenn fræddir um hrós á starfsdegi. Við hrósum fyrir seiglu, úthald, kraft, að gera sjálfur o.s.frv. en ekki fyrir útlit.	Leikskólastjóri ber ábyrgð á fræðslu en allir starfsmenn bera ábyrgð á framkvæmd	Haust 2019- alltaf



**Starfsáætlun 2019 – 2020**  
**Leikskólinn Vesturborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Anna Friðrikka Jónsdóttir**  
**Ágústa Edwald**



### **Starf síðasta veturs:**

Mjög ánægð með fundina á haustin, gott að gefa foreldrum tækifæri til að setja sig vel inn í starfið í upphafi vetrar. Gott að halda aftur fundi næsta haust.

Ánægð með tengsl við nærumhverfið, heimsóknir á Grund, í þjónustumiðstöðina við Aflagrandu, KR, Melaskóla og fleira.

Skemmtilegt hvað jólagjafirnar heppnuðust vel.

Þrátt fyrir erfiða haustönn vegna manneklu og fjarveru Írisar leikskólastjóra hefur gengið vel að tækla aðstæðurnar og starfið farið vel fram.

### **Áætlun fyrir næsta vetur:**

Líst sérstaklega á áætlanir um að hlúa að starfsfólkinu og vera hvetjandi umhverfi fyrir það. Kenniorðin látum draumana rætast er skemmtilegt og mikilvægt að kennarar fái tækifæri til að sýna sína styrkleika. Hugmyndir þessu tengdar sem settar eru fram í áætluninni hljóma mjög uppbyggjandi og jákvæðar. Vonandi dregur þetta starf úr starfsmannaveltu með því að auka ánægju kennara.

Ánægð með að áhersla sé lögð á félagsfærni en finnst aðeins óljóst hvernig matið mun fara fram og hvaða inngríp verður notað til að styðja börnin í átt að jákvæðum leiðtogum.

Það þarf að vinna markvisst með félags- og tilfinningafærni og þá gott að nota til dæmis sögur og hlutverkaleiki.

Frábært að vinna með styrkleika hvers og eins. Það þarf að kynna fyrir börnum.

En almennt séð mjög gott að þessir þættir séu skoðaðir og litið sé eftir því að öll börn fái tækifæri til að njóta sín og öðlist mikilvæga félagsfærni. Frábært að fá Vöndu og Bjarnveigu til að koma með fræðslu.

Mjög gott að unnið sé að umbótum í málörvunar starfi og snemmtækri íhlutun og í því að bæta móttöku og starf fyrir tvítyngd og fjöltyngd börn. Mjög gott að fá aðstoð og fræðslu frá SFS og MML.

Flott að fá foreldra meira inn í samstarf og fá hugmyndir frá foreldrum.

### **Almennt:**

Almennt hefur starfið farið vel fram, metnaður hjá starfsfólki og áhugi. Það virðist vera góður starfsandi sem skiptir öllu máli. Framtíðin er björt og vonandi ná margir draumar að rætast og allir nái að sinna sér og sínum áhugamálum og styrkleikum sem vonandi hefur svo áhrif á áframhaldandi gott starf innan leikskólans.







ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M skil á starfsáætlun
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F Starfsdagur	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F Menntakvika	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmásunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M Starfsdagur	6 F Foreldrakaffi	6 M Brettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Leikskólaráðstefnan Starfsdagur	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómannadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F Námskeiðsdagur leikskólas	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Jólabbell	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M samráð leikskólastjóra	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ Starfsdagur	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M samráð leikskólastjóra	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M samráð leikskólastjóra	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ Stóri innritunardagurinn	17 F	17 S	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn
18 S	18 M samráð leikskólastjóra	18 F	18 M	18 M samráð leikskólastjóra	18 L	18 Þ	18 M samráð leikskólastjóra	18 L	18 M	18 F samráð leikskólastjóra	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M samráð leikskólastjóra	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M samráð leikskólastjóra Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M samráð leikskólastjóra	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Mömmu/ömmu kaffi	21 L	21 Þ Barnamenningarhátíð	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F Leikskólastjórafundur Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M samráð leikskólastjóra Barnamenningarhátíð	22 F	22 M	22 M
23 F Starfsdagur	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F Leikskólastjórafundur	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F Leikskólastjórafundur vetrarleyfi grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndad. Pabba/afa kaffi	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Barnamenningarhátíð	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F vetrarleyfi grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barnamenningarhátíð	25 M	25 F Leikskólastjórafundur	25 L
26 M	26 F Leikskólastjórafundur Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F Leikskólastjórafundur	26 S Barnamenningarhátíð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F Starfsdagur	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F Leikskólastjórafundur	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M vetrarleyfi grunnskóla	28 F Leikskólastjórafundur	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F Leikskólastjórafundur	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F Jólafundur með stjórnendum	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 F Leikskólastjórafundur	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F Hrekkjavaka		31 Þ Gamlársdagur	31 F				31 S Hvítasunnudagur		31 F